

RÍKJARÁÐSTEFNA UM
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

SAMNINGSAFSTADA ÍSLANDS
7. KAFLI
Hugverkaréttur

Samantekt um samningsafstöðu

1. EES-samningurinn tekur að fullu til 7. kafla um hugverkarétt. Ísland innleiðir og beitir regluverki sem varðar Evrópska efnahagssvæðið og fellur undir þennan kafla með samfelldum hætti.
2. Ísland fellst á sameiginlega regluverkið sem varðar 7. kafla um hugverkarétt eins og það stóð 20. desember 2010. Ísland mun hafa lokið við innleiðingu á öllu regluverki, sem fellur undir þennan kafla fram til þess dags og ekki hefur verið innleitt, við aðild.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og stofnanaramma sem nauðsynlegur er til að standa áfram að innleiðingu regluverksins í þessum kafla.
4. Ísland fer ekki fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil vegna þessa kafla.

EES-samningurinn

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) síðan hann öðlaðist gildi árið 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðinum í rúmlega 16 ár og hefur innleitt alla viðeigandi löggjöf Evrópusambandsins með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálafundum, umhverfismál, neytendavernd, ferðaþjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með stöðu Íslands gagnvart EES-samningnum og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðinum (e. internal market scoreboard).

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við og til innleiðingar á regluverki ESB. EES-samningurinn tekur til 7. kafla um hugverkarétt.

Lagarammi

Lagaramminn er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar þess regluverks sem þessi kafla tekur til.

Löggjöf Íslands er í samræmi við regluverk Evrópusambandsins að því er varðar höfundarrétt og skyld réttindi og hugverkarétt á sviði iðnaðar og Ísland hefur tekið þátt í ýmsum viðeigandi

¹ Dagsetning rýnifundar (einn fundur í þessum kafla)

áætlunum ESB með aðild sinni að EES-samningunum allt frá því 1994. Tilskipanir Evrópusambandsins eru annað hvort innleiddar með setningu laga á Alþingi eða með útgáfu reglugerða hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, ef ekki er þörf á lagasetningu.²

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á löggjöf á því sviði sem fellur undir 7. kafla, að undanskilinni löggjöf varðandi hugverkarétt á sviði iðnaðar sem heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Höfundarréttur og skyld réttindi

Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi að því er varðar höfundarétt. Ísland er aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni, Alþjóðaviðskiptastofnuninni og starfshópi EFTA um hugverkarétt sem kemur saman 4–5 sinnum á ári ásamt sérfræðingum frá Stjórnarsviði framkvæmdastjórnarinnar um málefni innri markaðarins. Ísland hefur stöðu áheyrnarfulltrúa líkt og önnur EFTA/EES-ríki í samstarfsnefnd ESB vegna tilskipana 2001/29/EB og 2001/84/EB. Vinnuhópur norræna ráðuneyta um málefni sem varða höfundarrétt kemur saman 4–5 sinnum á ári.

Að því er varðar verndartíma höfundarréttar innleiddi Ísland tilskipun 2006/116/EB með breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, eins og þeim var breytt með lögum nr. 145/1995 og lögum nr. 9/2006.

Að því er varðar vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum og vernd gagnagrunna og tölvuforrita innleiddi Ísland tilskipun 87/54/EBE með lögum nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum eins og þeim var breytt með lögum nr. 19/1995. Tilskipun 96/9/EB var innleidd með lögum nr. 60/2000 um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972. Tilskipun 2009/24/EB var innleidd með lögum nr. 57/1992, lögum nr. 145/1996, lögum nr. 60/2000 og lögum nr. 9/2006 um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.

Að því er varðar fylgirétt innleiddi Ísland tilskipun 2001/84/EB með lögum nr. 97/2006 um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.

Að því er varðar leigu og útlánsrétt innleiddi Ísland tilskipun 2006/115/EB með lögum nr. 57/1992, lögum nr. 60/2000 og lögum nr. 9/2006 um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.

Að því er varðar útsendingu um gervihnött og endurvarp um kapal innleiddi Ísland tilskipun ráðsins 93/83/EBE með lögum nr. 145/1996 um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.

Að því er varðar höfundarrétt í upplýsingasamfélaginu innleiddi Ísland tilskipun 2001/29/EB með lögum nr. 9/2006 um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972.

Ísland hóf þriggja ára áætlun um umbætur á höfundarrétti í október 2009 sem felur í sér m.a. að drög að nýjum lögum um höfundarrétt verði unnin árið 2012. Markmið þessa framtaksverkefnis

² Drög að nýjum lögum eru unnin í nánú samstarfi við starfshóp EFTA um hugverkarétt og innleiðingarreglur tilkynntar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

er að skýra og einfalda lög um höfundarrétt í þeim tilgangi að stuðla að skilvirkri málsmeðferð sem hefur forvarnargildi á sama tíma og jafnvægis er gætt milli hagsmuna réttihafa og notenda. Langtímamarkmiðið er að staðfesta mikilvægi höfundarréttar í menningarlegu, efnahagslegu og alþjóðlegu tilliti.

Hugverkaréttur á sviði iðnaðar

Ísland er aðili að helstu alþjóðasamningum um hugverkarétt á sviði iðnaðar, þ.e. Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, bókun við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja, samstarfssamningnum um einkaleyfi, Genfargerðinni (1999) um Haag-samninginn um alþjóðlega skráningu iðnhönnunar og Evrópusáttmálanum um einkaleyfi. Ísland á þar að auki aðild að Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Einkaleyfastofnun Evrópu (EPO) og Norrænu einkaleyfastofnunni (NPI). Ísland er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og hefur þ.a.l. innleitt ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum í löggjöf sína.

Að því er varðar vörumerki innleiddi Ísland tilskipun 2008/95/EB með breytingu á lögum nr. 45/1997 um vörumerki. Markmiðið með því var að tæming vörumerkjaréttar yrði svæðisbundin en ekki hnattræn. Hefur 7. gr. um tæmingu vörumerkjaréttar þegar verið innleidd. Breytingin er í samræmi við dóm EFTA-dómstólsins í sameiginlegum málum E-9/07 og E-10/07 L'Oreal Norge L'Oreal Norge AS og L'Oreal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS.

Að því er varðar einkaleyfi hefur Ísland innleitt tilskipun 98/44/EB um lögvernd uppfinninga í líftækni með lögum um einkaleyfi nr. 17/1991 eins og þeim var breytt með lögum nr. 22/2004 og reglugerð nr. 547/1991 um einkaleyfisumsóknir. Að því er varðar vottorð um viðbótarvernd fyrir lyf gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1768/92 (felld úr gildi skv. 22. gr. reglugerðar nr. 469/2009) á Íslandi samkvæmt 65. gr. a laga um einkaleyfi. Reglugerð nr. 1011/2006 gildir um útgáfu einkaleyfa vegna útflutnings lyfja til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 816/2006.

Að því er varðar hönnun innleiddi Ísland tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB um lögverndum hönnunar með lögum um hönnun nr. 46/2001.

Vert er að nefna tvær reglugerðir ESB sem ekki hafa verið teknar upp í EES-samninginn og hafa þ.a.l. ekki verið innleiddar. Þær eru:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 6/2002 um hönnun innan Bandalagsins
Reglugerð ráðsins (EB) nr. 40/94 um vörumerki innan Bandalagsins

Ísland sér ekki fram á að innleiðing þessara reglugerða verði bundin vandkvæðum.

Framfylgd

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/48/EB um framfylgd hugverkaréttar hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn og hefur Ísland þ.a.l. ekki innleitt hana. Ísland sér fram á að innleiða tilskipunina að fullu innan tveggja ára. Sem stendur hafa u.þ.b. 80% af lagalegu inntaki tilskipunarinnar verið innleidd, einkum með lögum nr. 93/2010 um breytingu á höfundalögum og

lögum nr. 53/2006 um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkarétti. Núverandi löggjöf um brot á hugverkarétti tekur til brota sem framin eru á Netinu.

Stofnanarammi

Stofnanarammi er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar regluverks þessa kafla.

Stjórnskipulagið sem þarf til að framkvæma ESB-áætlanir á sviði höfundarréttar, skyldra réttinda og hugverkaréttar á sviði iðnaðar er í samræmi við kröfur ESB.

Höfundarréttur og skyld réttindi

Höfundarréttur og skyld réttindi heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem starfa um 80 manns. Ráðuneytinu er skipt í þrjár deildir og fjögur svið. Lögfræðisvið fer með málefni tengd höfundalögum og stjórnáslu þeirra og starfa fimm manns á skrifstofunni, þ.m.t. einn sérfræðingur í hugverkarétti. Höfundarréttarnefnd er ráðgefandi gagnvart ráðherra um málefni sem varða höfundarrétt og lagasetningu á því sviði og í nefndinni sitja sjö sérfræðingar á sviði höfundarréttar.

Höfundarréttarmál eru flutt fyrir héraðsdómstólum og fara fyrir Hæstarétt sé þeim áfrýjað. Frá 2006-2009 voru 25 mál vegna brota á höfundarrétti til meðferðar hjá héraðsdómstólum og fóru 20 þeirra fyrir Hæstarétt. Viðurlög eru sektir eða fangelsun allt að tveimur árum. Hægt er að skjóta ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd en það úrræði hefur ekki verið nýtt í nokkur ár.

Íslensk stjórnásla hefur næga getu til áframhaldandi innleiðingar á regluverkinu um höfundarrétt og skyld réttindi.

Hugverkaréttur á sviði iðnaðar

Einkaleyfastofa er ríkisstofnun undir yfirstjórn efnahags- og viðskiptaráðherra og er hlutverk hennar að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi er varða vernd hugverkaréttar á sviði iðnaðar. Stofnunin tekur á móti einkaleyfisumsóknum og skráir einkaleyfi og veitir upplýsingar og ráðgjöf um hugverkaréttindi í iðnaði og tryggir að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi. Einkaleyfedeild stofnunarinnar hefur gert samning við norrænu einkaleyfastofuna um rannsóknir á einkaleyfum. Tíminn sem líður frá umsókn og þar til einkaleyfi er skráð er að meðaltali 6½ ár. Ef um vörumerki er að ræða er biðtíminn tveir mánuðir, leiði umsókn ekki til synjunar, en í 80% tilvika fer skráning vörumerkis fram innan 12 mánaða frá því umsókn var lögð fram

Íslensk stjórnásla hefur næga getu til að halda áfram að innleiða regluverk um hugverkarétt á sviði iðnaðar.

Framfylgd

Tollstjóri er helsta stjórnvaldið sem ber ábyrgð á framfylgd. Fjöldi mála sem komið hafa til kasta íslenskra töllyfirvalda hefur aukist úr einu máli 2008 og þremur málum 2009 í 14 mál þar sem um mikil verðmæti var að ræða árið 2010. Íslensk töllyfirvöld geta hafið málsmeðferð í krafti embættis ef grunur leikur á um brot á hugverkarétti og geta frestað tollafgreiðslu ef grunur um brot er fyrir hendi. Lögreglan tekur virkan þátt í málum sem varða höfundarrétt innanlands.

Á Íslandi starfar vinnuhópur um framfylgd hugverkaréttar undir formennsku Einkaleyfastofu. Aðrir fulltrúar í hópnum eru frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, embætti Tollstjóra, Neytendastofu, Lyfjastofnun og öðrum hagsmunaaðilum. Markmiðið er að hópurinn komi saman reglulega til að ræða vernd og framfylgd hugverkaréttar, auka vitund um hugverkarétt meðal íslenskra neytenda og það að stofnað verði vefsetur með upplýsingum um hvernig bregðast skuli við brotum gegn hugverkarétti.

Fjöldi íslenskra dómara hefur hlotið þjálfun við Einkaleyfastofnun Evrópu hvað varðar einkaleyfi og framfylgd hugverkaréttar. Lögfræðingar Einkaleyfastofnu hafa einnig sótt námskeið um löggjöf Evrópusambandsins á vegum EFTA. Ísland hefur jafnframt átt samstarf við Evrópska athugunarstöð um eftirlíkingu og ólöglega nýtingu. Ennfremur á Ísland samstarf við Norðurlönd um framfylgd höfundarréttar.

Íslensk stjórnsýsla hefur næga getu til áframhaldandi innleiðingar á regluverkinu um framfylgd hugverkaréttar.

Samþykkt regluverks ESB

Ísland fellst á sameiginlega regluverkið í 7. kafla um hugverkarétt eins og það stóð 20. desember 2010. Ekki er farið fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil í þessum kafla.